



## VÍSINDASIÐANEFND

Borgartúni 21 - 4. hæð  
105 Reykjavík,

Sími: 551 7100

netfang: vsn@vsn.is www.vsn.is

Skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
Hildur Edwald, skjalaritari

Reykjavík 4. desember 2018

Tilv.: VSNb2018110013/04.00

Efni: FS-18-085 Umsögn um frumvarp til laga um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði  
(gjaldtaka vísindasiðanefndar)

Velferðarnefnd Alþingis sendi þann 8. nóvember 2018 Vísindasiðanefnd til umsagnar frumvarp til breytingar á lögum nr. 44/2014 um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði (gjaldtaka vísindasiðanefndar), 299. mál. Efni frumvarpsins felur í sér heimild Vísindasiðanefndar til gjaldtöku vegna umsókna um leyfi til að hefja eða breyta vísindarannsókn á heilbrigðissviði.

Vísindasiðanefnd gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

Vísindasiðanefnd vekur athygli á áhyggjum rannsakenda í umsögnum um frumvarp þetta þess efnis að gjaldtaka kynni að verka letjandi og leiða til fækkunar verkefna. Í ljósi þess að flest verkefni í vísindarannsóknum á heilbrigðissviði sem koma til afgreiðslu nefndarinnar fara fram hjá opinberum aðilum er hóflegt þjónustugjald, sem hér er lagt til að verði heimilað, óverulegt í samanburði við rekstrarumfang þessara aðila. Fjárskortur til rannsókna á sumum stofnunum er í samræmi við fjárveitingar og innanhússákvarðanir um ráðstöfun á þeim.

Í þessu sambandi vekjum við athygli á því að nú mun unnið að gerð vísindastefnu í Velferðarráðuneytinu. Mikilvægt er að mati nefndarinnar að umfjöllun um heimild til gjaldtöku fyrir vísindasiðanefnd sé hluti af heildarstefnumótun en standi ekki sem einangruð aðgerð án tillits til annars þess sem verið er að skipuleggja á þessu sviði.

Samdráttur í birtingum íslenskra vísindamanna á heilbrigðissviði á undanförunum árum verður ekki skýrður með gjaldtöku fyrir mat Vísindasiðanefndar til þessa – þar til liggja aðrar ástæður. Nefndin tekur hins vegar undir ákall um auknar fjárveitingar til vísindarannsókna á heilbrigðissviði.

Með kveðju, f.h. Vísindasiðanefndar

Kristján Erlendsson, læknir, formaður